



Reykjavík, 19. júní 2020
SFS2018090150
186. fundur

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um framlengingu samninga við tónlistarskóla í Reykjavík vegna neðri stiga tónlistarnáms og endurnýjun samninga vegna efri stiga tónlistarnáms

Lagt er til að samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg vegna neðri stiga tónlistarnáms sem renna út þann 31. júlí 2020 verði framlengdir með viðauka til 31. júlí 2021, sjá fylgiskjal 1. Þá verði í framangreindum viðaukum kveðið á um úthlutun viðbótarstunda til þeirra tónlistarskóla sem úthlutað hefur verið viðbótarstundum í þeim tilgangi að auka jöfnuð og fjölbreytni í tónlistarnámi, sjá fylgiskjal 1.

Þá er lagt til að samþykktir verði samningar Reykjavíkurborgar við tónlistarskóla í Reykjavík vegna efri stiga tónlistarnáms sem renna út 31. ágúst 2020. Gildistími verði 1. september 2020 til 31. ágúst 2021. Þar sem hlutverk Reykjavíkurborgar er að miðla framlagi Jöfnunarsjóðs er sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs falið að ganga frá samningum við aðila þá sem tilgreindir eru í fskj. 2 á grundvelli upplýsinga frá Jöfnunarsjóði. Upphæðir eru birtar með fyrirvara um úthlutun og byggjast á upplýsingum frá Jöfnunarsjóði.

Gerður er fyrirvari um að tónlistarskólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og samningsbundnar skyldur þeirra samkvæmt núgildandi samningum.

Sviðsstjóra er falið að gera samninga við tilgreinda aðila á grundvelli endanlegra útreikninga á framlögum.

Greinargerð:

Forsaga málsins

Á 118. fundi skóla- og frístundaráðs þann 3. maí 2017 og í borgarráði þann 11. maí 2017, voru samþykkt drög að samningum við tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms með fyrirvara um að skólarnir uppfylli skilyrði reglna Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla.

Samningar sem gerðir voru á grundvelli framangreindrar samþykktar vegna neðri stiga gilda til 31. júlí 2020, sjá meðfylgjandi yfirlit yfir tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg í fskj. 1.

Á 181. fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2020 og í borgarráði þann 26. mars 2020 var samþykkt að koma í farveg úthlutun til tónlistarskóla með þjónustusamning við Reykjavíkurborg á þeim 1200 stundum sem heimild er fyrir á sviðinu til tónlistarnáms vegna innritunar haustið 2020. Um er að ræða viðbót sem færi inn í samninga vegna skólaársins 2020-2021.

Á 182. fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. apríl sl. og í borgarráði þann 7. maí sl. var samþykkt að gera samning vegna vorannar 2020 við Söngskóla Sigurðar Demetz í samræmi við neðangreindar upplýsingar um tímamagn og upphæðir. Þetta var gert í ljósi áherslna á aukna fjölbreytni námstilboða á sviði tónlistar og aukið aðgengi ungmenna að slíku námi. Samningur kveður á um 168 stundir vegna tímabilsins 1. janúar 2020 til 31. maí 2020. Í viðauka við framlengdan samninga vegna skólaársins 2020-2021 verður samið um 276 stundir á samningstímanum.

Samningar vegna efri stiga tónlistarnáms með gildistíma frá 1. september 2019 til 31. ágúst 2020 voru samþykktir í borgarráði þann 26. september 2019.

Um samninga tónlistarskóla vegna neðri stiga tónlistarnáms

Fyrir liggur að stýrihópur á vegum Reykjavíkurborgar um tónlistarnám hefur til skoðunar möguleika á breyttu fyrirkomulagi hvað varðar dreifingu kennslumagns og nýtingu þess og það er í ljósi þess sem tillagan um framlengingu samningum eitt ár, til 31. júlí 2021, vegna neðri stiga tónlistarnáms er lögð fram.

Tónlistarskólar geri grein fyrir nýtingu kennslumagn vegna samningstímabilsins frá hausti 2017 til loka júlí 2020 fyrir lok október 2020. Jafnframt skili skóli fullnægjandi áætlun um kennslumagn vegna skólaársins 2020-2021 sem fellur undir framlengingu samningsins.

Um samninga tónlistarskóla vegna efri stiga tónlistarnáms

Sveitarfélögum sem ekki reka sjálf tónlistarskóla ber samkvæmt reglum Jöfnunarsjóðs, vegna kennslu á efri stigum tónlistarnáms, að gera samninga við þá aðila sem fá fjármagn vegna verkefnisins. Gerðir eru árlegir samningar sem byggja á áætlun Jöfnunarsjóðs um framlag til sveitarfélagsins.

Alls var kennt á efri stigum tónlistarnáms í 13 tónlistarskólum í Reykjavík á nýliðnu skólaári. Það er þó í mjög mismiklum mæli. Þrír tónlistarskólar kenna yfir 70% af kennslumagninu í borginni á þessum námsstigum. Dreifing fjármagns byggir á kostnaði hvers skóla vegna kenndra stunda, líkt og við gerð samninga um kennslu á neðri stigum. Í samningum hverju sinni er getið um lágmarkskennslumagn á skólaárinu.

Skilyrði framlengingar samninga vegna neðri stiga og endurnýjunar vegna efri stiga

Í reglum Reykjavíkurborgar um þjónustusamninga við tónlistarskóla og í samningum við tónlistarskólana eru sett fram ýmis skilyrði er varða nýtingu fjármagns, upplýsingagjöf og fleira.

Ein af þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarskólanna er að þeir skili endurskoðuðum ársreikningum. Hluti tónlistarskóla hefur ekki skilað slíkum ársreikningi og hér gert ráð fyrir að vegna framlengingar

samninga geti tónlistarskóli fullnægt skilyrðum vegna samningsgerðar með því að skila staðfestingu frá endurskoðanda á því að endurskoðaður ársreikningur sé í vinnslu vegna síðasta uppgjörstímabils.

Upplýst er um að stjórn Samtaka tónlistarskóla í Reykjavík hefur gert athugasemd við kröfu um skil á endurskoðuðum ársreikningum. Málið var tekið fyrir á fundi borgarráðs þann 11. október 2018 og var af því tilefni meðal annars lögð fram umsögn Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar, dags. 2. október 2018. Með tilliti til erindis samtakanna hefur verið óskað umsagnar Endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar.

Fjárhagsleg áhrif

Reykjavíkurborg miðlar framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna náms á efri stigum tónlistarnáms og hafa samningar vegna framlagsins því ekki áhrif á fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Áætlaðar heildargreiðslur til tónlistarskóla vegna umsamins kennslumagns í samningum vegna neðri stiga er 991 m.kr. á samningstímabilinu 1. ágúst 2020 til 31. júlí 2021. Tekið er fram að yfirlit yfir framlög til tónlistarskóla vegna neðri stiga í fskj. 1 er birt með fyrirvara um endanlega útreikninga.

Gert er ráð fyrir framangreindu fjármagni í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs að undanskyldum kr. 22,3 mkr. Óskað verður eftir að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sviðsins vegna þessa.

Leiði breytingar kjarasamninga til aukinna útgjalda er hækkun fjárframlags háð samþykktum breytingum á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.